

Fjármálaráðuneytið  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2015

### Efni: Krafa um upplýsingar um flugfarmiðakaup ríkisins

Komið hefur fram að kaup íslenska ríkisins á flugfarmiðum til og frá Íslandi fari fram samkvæmt samningi fjármálaráðuneytisins við Icelandair sem gerður var árið 2009. Með vísan til 5. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 er hér með gerð sú krafa að afhent verði öll fyrirliggjandi gögn þessum samningi tengd og viðskiptum gerðum á grundvelli hans, þar á meðal viðskiptayfirlit sem gerð hafa verið á gildistíma samningsins. Þess er óskað að virtir verði þeir tímafrestir sem finna má í 17 .gr. upplýsingalaga.

Það skal áréttar að hér er óskað aðgangs að upplýsingum sem varða ráðstöfun fjármuna skattgreiðenda og í ljósi meginreglu upplýsingalaga hefur úrskurðarnefnd um upplýsingamál talið að hagsmunir almennings af því að fá aðgang að slíkum upplýsingum geti rutt til hliðar viðskiptalegum hagsmunum viðsemjanda ríkisins enda verða fyrirtæki og aðrir lögaðilar að vera undir það búin að mæta samkeppni frá öðrum, sbr. t.d. úrskurði nefndarinnar nr. A-229/2006, A-133/2001, A-431/2012 og A-442/2012.

Virðingarfyllst,

Ólafur Stephensen,  
framkvæmdastjóri FA